



Umhverfismennt í Leikskólanum Reynisholti



Skýrsla til Landverndar vegna umsóknar um Grænfánann 2014

Innihald

Umsókn um Grænfána	2
Umhverfisráðið	2
Mat á stöðu umhverfismála.....	3
Áætlun um aðgerðir og markmið.....	3
2006-2007 Pappír.....	3
2007-2008 Vettvangsferðir um nánasta umhverfi og leikir.....	3
2008-2009 Orku- og vatnsnotkun.....	3
2009-2010 Endurvinnsla á úrgangi.....	3
2010-2012 Kynning og menntun.....	3
Markmið fyrir skólaárin 2012 – 2014 voru:	4
Að kynnast nærumhverfi leikskólans og náttúrunni sem umlykur hann.....	4
Að flokka ólífrænan úrgang, endurnýta það sem hægt er og farga hinu á réttan hátt..	4
Að flokka lífrænan úrgang og molta.....	4
Að huga að því hvernig náttúran endurbætir sig og hvernig við getum gert hið sama	5
Að minnka orkunotkun	5
Markmið fyrir skólaárin 2014-2016 eru:	5
Að kynnast áttögum og sögu hverfisins.....	5
Að efla lýðheilsu með því að hvetja til umhverfisvænna ferðamáta.....	5
Að læra um hugtökin sjálfbærni og vistfræðileg fótspor.....	5
Að flokka ólífrænan úrgang.....	5
Að flokka lífrænan úrgang og molta.....	5
Eftirlit og endurmat.....	5
Fræðsla.....	6
Kynning á stefnunni.....	6
Umhverfissáttmálinn.....	7
Umhverfissáttmáli Reynisholts.....	7
Fylgiskjöl:	8

Reykjavík 9. júlí 2014
 Leikskólinn Reynisholt
 Gvendargeisla 13
 113 Reykjavík
www.reynisholt.is
reynisholt@reykjavik.is
 s:517 5560

Umsókn um Grænfána

Í leikskólanum Reynisholti hefur verið unnið markvisst að umhverfismennt frá opnun leikskólans í nóvember 2005. Aðaláherslur leikskólans eru lífsleikinám í gegnum snertingu, jóga og slökun. Þróunarverkefnið Líf og leikni var unnið á árunum 2006-2008 og þar var umhverfi og náttúra einn áherslupunkturinn. Í mars 2009 varð Reynisholt *Leikskóli á grænni grein* og höfum við fengið Grænfánann tvisvar sinnum, í nóvember 2010 og í september 2012. Verkefnastjóri er Aðalheiður Stefánsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri.

Umhverfisráðið

Á starfsmannafundi haustið 2012 var auglýst eftir áhugasömum aðilum af hverri deild í umhverfisráð fullorðinna, fjórir buðu sig fram og sitja því fulltrúar frá hverri deild, matráður, fulltrúi foreldra og verkefnastjóri í ráðinu. Nýtt foreldri bauð sig fram á foreldrafundi og var það samþykkt. Ráðið hittist einu sinni í mánuði og var fyrsti fundur í september 2012. Á fyrsta fundi umhverfisráðs var ákveðið að festa fundi umhverfisráðs fjórða fimmtudag í mánuði í upphafi dags. Sá tími hentaði vel veturinn 2012-2013 og voru fundir nokkuð reglulegir þó að þeir féllu niður stöku sinnum.



Veturinn 2013-2014 hentaði ekki að hafa fundina í upphafi dags og voru þeir fjórða hvern föstudag og mun sami háttur vera á fundartíma næsta vetur. Á starfsmannafundi haustið 2014 verður auglýst eftir áhugasömum aðilum í ráðið af hverri deild.

Í umhverfisráði 2012-2014 sátu:

Aðalheiður Stefánsdóttir, verkefnastjóri

Elva Dís H. Stefánsdóttir á Bjartalundi

Helena Sigurðardóttir á Geislaundi

Sigríður Elsa Álfhildardóttir á Sunnulundi/Aðalheiður Vigfúsdóttir á Sunnulundi

Emilía /Ólöf Kristjánsdóttir á Stjörnulundi

Magnea Ferdinandsdóttir, matráður

Svala Huld Hjaltadóttir, fulltrúi foreldra

Ráðið hefur hist formlega ellefu sinnum á tímabilinu haust 2012 til vor 2014. Þar fyrir utan hafa mál er varða umhverfismennt verið rædd á starfsmannafundum, deildarfundum og deildarstjórafundum.

Í umhverfisráði barna eru hópstjóri og elstu börn leikskólans. Ráðið hittist á hópastarfstíma einu sinni í mánuði og eru öll börnin úr elsta árgangi í ráðinu. Hópnum var skipt upp í fjóra hópa, 7-9 börn í hverjum hópi.

Mat á stöðu umhverfismála

Í stað þess að fylla út umhverfisgátlistann var listinn frá 2012 yfirfarinn og athugað hvort einhverjar breytingar hefðu orðið á stöðu umhverfismála. Einnig var metið á hverju vori hvernig gengið hefur að vinna að markmiðum verkefnisins. Við höfum tekið þátt í tveimur Comeniusarverkefnum á tímabilinu sem bæði snúa að umhverfismennt, það fyrra að flokkun og hið seinna að sjálfbærni og því var einnig farið yfir hvort markmiðum þeirra verkefna hafi verið náð. Niðurstöður matsins eru teknar saman og deildirnar gera áætlun um hvernig bæta megi úr því sem betur má fara. Í stuttu máli má segja að staða umhverfismála sé nokkuð góð. Það sem gengur vel er flokkun á sorpi, fræðsla til barnanna sem og vettvangsferðir og náttúruskoðun. Það sem má bæta eru skráningar og fundargerðir, upplýsingastreymi til allra starfsmanna, enn meiri þátttöku barnanna í flokkuninni og að minnka orkunotkun.

Áætlun um aðgerðir og markmið

Frá árinu 2006 hefur verið farið eftir gróflegri áætlun varðandi þróun umhverfismála í Reynisholti.

2006-2007 Pappír

Unnið var að endurvinnslu pappírs í hópastarfi og að flokka pappír frá öðru sorpi.

2007-2008 Vettvangsferðir um nánasta umhverfi og leikir.

Vettvangsferðir voru markvissar um nánasta umhverfi leikskólans. Við fundum heimili skessunnar í fjallinu og stuttu síðar kom Jón Reynir tröllabarn til okkar í vist. Hann er handbrúða sem fer með okkur í vettvangsferðir og segir okkur frá umhverfinu og náttúrunni. Góðir bakpokar voru keypir og endurskoðað hvað mikilvægt væri að hafa í þeim. Útileikir voru áberandi í starfinu þetta árið og voru útbúin plast spjöld með leikjum til að auðvelda starfsfólki að læra nýja leiki. Starfsfólk efldi sig í jógaleikjum og fór í auknu mæli í útjóga. Þá kom í ljós þau miklu tengsl sem eru á milli jóga og umhverfismenntar.



2008-2009 Orku- og vatnsnotkun.

Börnin hjálpuðu til við að setja Ljósálfinn fyrir ofan alla slökkvara. Hún hjálpar okkur að muna að slökkva ljós í mannlásum rýmum. Einnig var hafin skráning á vatns og orkunotkun. Það gekk þó ekki eftir sem skildi og eigum við aðeins skráningar einu sinni á ári.

2009-2010 Endurvinnsla á úrgangi

Byrjað var að molta haustið 2008 en árin 2009 -2010 fer endurvinnsla markvisst í gang. Nú er komin endurvinnslutunna til að setja í flokkað sorp og unnið að því hvernig best sé að flokkuninni staðið innandyra.

2010-2012 Kynning og menntun.

Sótt var um grænfánann vorið 2010 og hlaut Reynisholt hann í nóvember 2010. Þar sem við hlutum styrk fyrir Comeniusarverkefninu "Waste not – want not" var ákveðið að huga vel að kynningu og menntun fyrir þessi ár.

Markmið fyrir skólaárin 2012 – 2014 voru:

Að kynnst nærumhverfi leikskólans og náttúrunni sem umlykur hann.

Að flokka lífrænan úrgang og molta.

Að flokka ólífrænan úrgang, endurnýta það sem hægt er og farga hinu á réttan hátt

Að huga að því hvernig náttúran endurbætir sig og hvernig við getum gert hið sama

Að minnka orkunotkun

Að kynnst nærumhverfi leikskólans og náttúrunni sem umlykur hann.

Allar deildir unnu verkefni tengdu nærumhverfi leikskólans og í endurmati bæði 2013 og 2014 kom fram aukning á ferðum út fyrir leikskólalóðina. Verkefni sem hafa verið unnin eru t.d. ferðir að heimilum barnanna og þau staðsett á korti, leikvelli í nágrenni skólans heimsóttir og svæðið við Reynisvatn nýtt til náttúruskoðunar. Einnig tengdist þemaverkefni um ævintýri og sögur vettvangsferðum og umhverfismennt en þar var unnið með ævintýrið Geiturnar þrjár.

Að flokka ólífrænan úrgang, endurnýta það sem hægt er og farga hinu á réttan hátt

Mjög vel hefur gengið að minnka óflokkað sorp frá leikskólanum og hefur það minnkað um helming frá árinu 2010. Nú eru tvær tunnur fyrir blandaðan úrgang og duga þær vel fyrir það sem til fellur. Einnig erum við með tvær tunnur fyrir flokkaðan úrgang og eru þær oftast fullar þegar kemur að losun. Endurvinnslan hefur gengið nokkuð vel þó að þátttöku barnanna og áhuga starfsfólks megi bæta. Umhverfisráð barna mætti koma reglulegar til að ræða við matráð um flokkunina og „aðstoða“ hann við að fara með sorpið út í tunnur. Einnig höfum við verið dugleg að endurnýta það sem hægt er t.d. teikna á mjólkurfernur, allir plastpokar úr eldhúsi eru nýttir fyrir blaut föt í fataherbergi, skyrdósir til að rækta fræ og tína í skordýr og neta-kartöflupokar nýttir til að þurrka laufblöð.



Að flokka lífrænan úrgang og molta

Eldhúsið flokkar allt rusl og náðum við að minnka enn frekar blandað sorp er við fengum brúntunnu fyrir lífrænan úrgang úr eldhúsi. Eldri deildirnar tvær bættu sig í moltugerðinni og komu henni í daglega reglu t.d. með því að eitt barn var umhverfisstjóri. Gýpa (inni moltutunnan) er minna notuð núna og ekkert á sumrin en börn og starfsmenn fara frekar beint út í moltutunnurnar með það sem til fellur á deildinni. Tekin verður ákvörðun í vetur hvort að við munum hætta að nota Gýpu. Fleira starfsfólk tekur virkan þátt í moltugerðinni t.d. með því að hræra og bæta við laufblöðum í tunnuna og börnin hafa mjög gaman að moltugerðinni og sækja mjög mikið í að skoða ormana sem þar búa. Moltan hefur verið nýtt í kartöflugarðinn og sem áburður á gróðurinn í Reynislundi.

Að huga að því hvernig náttúran endurbætir sig og hvernig við getum gert hið sama

Unnin voru verkefni varðandi hvernig náttúran endurbætir sig á mismunandi vegu á öllum deildum. Börnin settu niður fræ á mismunandi tímum yfir veturinn, gerðu tilraunir á því hvað þyrfti til að fræin spíruðu og settu niður salatplöntur í Reynislund að vori. Kartöflur voru settar niður vorið 2013 en ekki 2014. Reynislundur var vel nýttur bæði í hópastarfi og í frjálsum leik og er starfsfólk að eflast í að benda börnunum á þætti í náttúrunni og rannsaka það sem þar finnst. Ein deild valdi tré sem það fylgdist með yfir veturinn og skráði breytingarnar með ljósmyndum sem héngu upp á vegg og sköpuðu miklar umræður meðal barnanna.



Að minnka orkunotkun

Það sem hefur ekki náðst af markmiðum verkefnisins er minni orkunotkun en meðaltals rafmagnsnotkun á tímabilinu janúar-júní 2013 jókst um 11% frá sama tíma árinu áður. Notkun á köldu vatni drógst saman um 7%. Ekki er hægt að gera samanburð á notkun á heitu vatni því skipt var um mæli og eru tölur því ekki sambærilegar. Veturinn 2014 vorum við með rafmagnslausan dag og voru unnin verkefni tengd rafmagni og rafmagnsnotkun. Þetta kveikti áhuga barnanna og starfsfólks og munum við halda slíkan dag aftur á næsta vetri þar sem við stefnum enn að því að minnka orkunotkun.

Markmið fyrir skólaárin 2014-2016 eru:

Að kynnast áttögum og sögu hverfisins.

Að efla lýðheilsu með því að hvetja til umhverfisvænna ferðamáta.

Að læra um hugtökin sjálfbærni og vistfræðileg fótspor.

Að flokka ólífrænan úrgang.

Að flokka lífrænan úrgang og molta.

Eftirlit og endurmat

Umhverfisráð hefur eftirlit með að unnið sé eftir umhverfisáætluninni t.d. með því að fylgjast með hvort rétt sé flokkað í pappírstunnur og hjálpa til við flokkun í eldhúsi. Umhverfisgátlisti var fylltur út við lok hvers skólaárs á árunum 2010-2012 en þar sem litlar breytingar komu fram á þeim lista og töluverður pappír fór í að prenta hann út var ákveðið vorið 2013 að hafa eldri gátlista til hliðsjónar og athuga hvort einhverjar breytingar hefðu orðið og þannig endurmeta hvort framfarir hafi orðið eða að leikskólinn væri enn á réttri braut. Umhverfisráð barna hefur það hlutverk að kanna stöðu mála á ákveðnum þáttum, s.s. fylgjast með pappírsnotkun á deildum og skoða hvernig moltuvinnsla gengur.



Endurmat á umhverfismennt fór fram á skipulagsdögum að vori og fór þannig fram að hver deild skráði hvað hún hafði gert fyrir hvert markmið vetrarins í umhverfismennt og í kjölfarið setti hver deild upp áætlun fyrir næsta vetur. Vorið 2014 fóru allar deildir yfir umhverfisgátlistann frá 2012 svo að þau gætu séð hvort einhverjar breytingar hefðu orðið síðan þá. Ekki voru miklar breytingar. Staða umhverfismála er almennt góð og starfsfólk virðist að mestu vera meðvitað um áherslur í umhverfismennt en þó eru nokkrir þættir sem starfsmenn eru ekki vissir á. Þar má nefna varðandi innkaup á vörum og búnaði en starfsfólk er ekki meðvitað um hvernig þeim sé háttað. Það sem hefur breyst frá vori 2012 er að nú eru komnar flokkunartunnur á allar deildir og börnin taka þátt í að flokka og losa. Brúntunna er fyrir lífrænt sorp úr eldhúsi. Það sem hefur ekki náðst varðandi markmið verkefnisins er að minnka rafmangnsnotkun þrátt fyrir að starfsfólk sé mjög meðvitað um að láta ekki loga á ljósum að

ópörfu og að börnin séu hvött til að fylgjast með því að ljósin séu ekki notuð nema þegar þeirra er þörf. Við munum halda áfram að gæta vel að orkunotkun.

Fræðsla

Reynislundur er útikennslustofa leikskólans. Þangað fara börnin einu sinni í viku í hópastarf. Þar er unnið að ýmsu er varðar umhverfismennt, s.s. gróðursetningu lauka að hausti, blóma að vori, umhverfisleikir og umhverfið nýtt til að læra á náttúruna. Þar eru einnig gróðurkassar þar sem grænmeti er ræktað á sumrin og ýmis leiktæki í trjámum, s.s. kaðlar til að klifra í, rólur og þrautabrautir. Í hópastarfi er unnið markvisst með umhverfismennt og fléttast markmið Grænfánaverkefnisins inn í hópastarfsvinnu. Einnig eru verkefni Comeniusarverkefnisins tengd umhverfismennt. Börnin fara reglulega í vettvangsferðir í næsta nágrenni leikskólans og kynnast þannig hverfinu og hvað það hefur upp á að bjóða. Lundurinn er líka notaður í frjálsum leik.

Skráningar á fundum og verkefnum umhverfisráðs barna hefur ekki gengið nógu vel og var skráningarblað útbúið fyrir umhverfisráðið til að halda betur utan um það (sjá fylgiskjal). Skráningarblaðið verður einnig notað á yngri deildum til að halda utan um það sem þar er unnið varðandi umhverfismennt.



Kynning á stefnunni

Umhverfissáttmáli Reynisholts er opin öllum á heimasíðu leikskólans www.reynisholt.is Þar eru einnig upplýsingar um grænfánann, markmið umhverfisráðs og leiðir að markmiðum. Foreldrar

Umhverfismennt í Reynisholti

fá kynningu á umhverfisstefnu leikskólans á foreldrafundum að hausti. Einnig mun hún verða sýnileg á t.d. í myndverkum á opnu húsi, ljósmyndum og fréttum á heimasíðu ofl. Foreldrar tóku virkan þátt í að koma upp útikennslusvæði í Reynislundi vorið 2010. Vinnukvöld eru nokkrum sinnum á ári að vori og hausti. Foreldrar og starfsfólk munu vinna að viðhaldi og þróun svæðisins.



Margir gestir sækja Reynisholt heim til að kynnst því hvernig við vinnum með umhverfismennt og hvernig við tengjum það við jóga. Vorið 2013 vorum við með nema frá Spáni og vorið 2014 með nema frá Slóveníu. Báðir nemarnir voru að kynna sér sérstöðu okkar í umhverfismennt og jóga með börnum. Hluti af Comeniusarverkefninu er að kynna fyrir þáttökulöndunum hvernig við vinnum að umhverfismennt og höfum við sent kynningar á tölvupósti, á heimasíðu og verið með kynningar í heimsóknum til landanna. Einnig er hlekkur á

heimasíðu leikskólans þar sem upplýsingar varðandi verkefni þáttökulandanna koma fram og foreldrar hvattir til að kynna sér þau.

Umhverfissáttmálinn

Umhverfissáttmálinn var unnin af verkefnastjóra og yfirfarinn af leikskólastjóra og deildarstjórum. Hann var kynntur starfsfólki á skipulagsdegi og börnunum á umhverfisráðsfundi. Sáttmálinn var tekin til endurskoðunar vorið 2012 og hann ræddur við börnin. Þau komu með nokkrar tillögur að úrbótum og var hann lagfærður í kjölfarið.

Umhverfissáttmáli Reynisholts

Í Reynisholti er lögð áhersla á að allir læri að njóta umhverfisins og að bera virðingu fyrir því. Allir verða að skilja að við erum mikilvægur þáttur í náttúruvernd, við búum í sambýli við náttúruna og erum hluti af henni. Því verðum við að hugsa vel um hana og ekki taka hlutunum sem sjálfgefnum. Við endurvinnum lífrænan úrgang, flokkum og búum til pappír, við höldum vatns- og orkunotkun í lágmarki og hugum að nánasta umhverfi leikskólans. Kappkostað er að því að versla inn lífrænt ræktað mjöl og lögð er áhersla á hollar neysluvenjur og fjölbreyttar máltíðir

Fylgiskjöl:

Fundargerðir umhverfisráðs
Skráningarblað fyrir umhverfisráð barna
Umhverfisgátlisti frá 2012-2014

Umhverfisráðsfundur – 13. September 2012

Mættar: Heiða, Sigga Elsa, Ólöf, Magnea og Helena. Emilía lasin

- Grænfáni er veittur til tveggja ára í senn.
- Heiða fer yfir umsóknina sem hún vann.
- Fjögur af fimm markmiðum hafa náðst. Markmiðið sem ekki náðist var að börnin lærðu á flokkunarkerkin.
- Hlutverk umhverfisráðs að fylgjast með hvernig gengur inni á deildum og fylgja hlutunum eftir.
- Hvernig getum við náð þeim markmiðum? T.d. fara yfir hvar flokkunartunnurnar eigi að vera. Í dag eru þær inni í eldhúsi, sem hentar ekki vel þar sem merkin eru börnunum ósýnileg.
- Nýtt umhverfisráð sem Heiða tekur að sér að koma inn í málin.

Umhverfisráðsfundur 18. September 2012

Fundur með fulltrúum Landverndar vegna grænfána verkefnis.

Fundinn sátu. Gerður og Melkorka sem fulltrúar L.v. Heiða, Emilía, Ólöf, Sigríður Elsa og Helena.

Gerður byrjar á að hrósa fyrir vel unna skýrslu. Biðja um leyfi til að vísa öðrum skólum á skýrsluna. Sem er veitt og þeim bent á að skýrslan sé á heimasíðu Reynisholts.

Gerður kemur með ábendingu um

- að hópastarf geti líka heitið umhverfisráðsfundir.
- að nota upptökutæki á umhverfisráðsfundum með börnunum, sem skráningartæki
- hafa 3 umhverfisráðsfundi í stað þess að allt umhverfisráð barna hittist í einu,

Einnig hrósuðu þær fundargerðunum og bentu á að það væri góð hugmynd að senda þær til foreldra.

Rætt var um að safnkassi/Gýpa inn á Geislalundi væri ekki í notkun þar sem það fengist ekki nýtt net í hann. Þær bentu okkur á að nota þvottanet en einnig ætluðu þær að kanna hvort það væri til í öðrum leikskólum sem hætti væru að nota safnkassana.

Komið var inn á að það er alltaf skemmtilegt að leika sér með tölur í svona verkefnum, gera súlurit með krökkunum og ýmsar mælingar.

Heiða vill kanna hversu vel þetta skili sér heim og þá hvernig. Eru foreldrar farnir að flokka rusl heima?

Gerður kom með ábendingu um að tölur geta virkað hvetjandi fyrir starfsmannahópin. Ræða sparnaðinn sem af þessu hlýst. Meira?

Þar sem við moltum ekki kjöt og fisk, benti Gerður okkur á, að það er það sem vegur þyngst í almennu sorpinu og líklega er hagkvæmara að fá brúna tunnu fyrir lífrænan úrgang.

- Gerður kom með hugmyndir af innitilraunum með moltuna sá fræjum í sand, í mold, moltu eða mold/moltu.
- Negla sorp á spýtur taka myndir af spýtunni, grafa hana niður t.d. þegar kartöflur eru settar niður. Grafa hana svo upp þegar kartöflurnar eru teknar upp og sjá hvernig sorpið er.

Umhverfismennt í Reynisholti

Flokkunarmerkin komu til umærðu og var farið yfir hvernig við höfum notað þau með börnunum.

Hugmyndir um að.

- Börnin taki ljósmyndir af rusli og merkin sett á rétta ljósmynd.
- Samstæðuspil með flokkunarmerkjum.
- Setja flokkunarmerkin á lykklahring þar sem fara um merkin og finna hvað passar við hvert merki.
- Hægt að prenta merkin út á fenur.is

Markmiðin framundan rædd: Hugmynd um að taka flag í fóstur. Þ.e. að hugsa vel um svæði t.d. innan lóðar sem mikill ágangur hefur verið á. T.d. girða svæðið af sá grasfræjum og fylgjast með árangrinum.

Komið var inn á að umhverfismenntin er alls staðar í kringum okkur, það er okkar að koma orðum á það. Upp kom hugmynd um að halda fundi með umhverfisráði barna úti. Góð hugmynd sem er auðvelt er fyrir okkur að framkvæma með Reynislundinn okkar.

Gerður benti á að umhverfissáttmálinn væri fínn en það má stytta hann til muna. Setja markmiðin okkar inn á eftir sáttmálanum ekki sem hluta af honum.

Mikilvægt að kynna sáttmálan fyrir börnunum og fara vel yfir það hvað orðin þýða. Þetta má t.d. tengja við dag íslenskrar tungu og í framhaldi af því kom umræða um það að Hallgrímur Jónasson var umhverfissinni kenna börnunum ljóðin hans um náttúruna. Þannig fléttum við saman umhverfismenntina og dag ísl. tungu.

Gerður stefnir á að koma upp bakgagnagrunni sem hver og einn skóli getur leitað í og báðu í framhaldi um leyfi til að notast við okkar skýrslu við vinnu þess efnis. Það leyfi var veitt með bros á vör.

Umhverfisráðsfundur 27. september 2012

Mættir: Emilía, Heiða og Helena

- Hlutverk umhverfisráðs að styðja við fólkinn inni á deild
- Ef það er eitthvað sem gengur ekki ræðum við það innan ráðsins.
- Það er okkar að sinna eftirlitinu og minna okkur á Comeniusarverkefnið.
- Alltaf að hafa markmiðin okkar í huga
- T.d. kynnast nærumhverfi okkar . hvað gerum við og hvernig gerum við það.
- Náttúran endurbætir sig. Hvernig vinnum við að þessu.
- Fyrir ofan tölvunar er tímaritabox með ýmsu fræðsluefni.
- Fyrir moltu er nóg að skera appelsínubáta í 3 og bananahýði í 3 ræmur.
- Við erum fyrirmyndir barnanna t.d. sápunotkun 1 x sprej
- Comeniusarverkefnið. Heiða prentar út verkefnaáætlun og kynnir fyrir okkur og við sjáum um að kynna það fyrir starfsfólki deildarinnar.
- Ákveðin verkefni sem við þurfum að uppfylla fyrir hverja ferð. Eins og að búa til poka úr opnum efnivið. Við nýttum mjólkurfurnur og var afklippan nýtt sem handfang.
- Það er svo okkar að kynna það sem gerist í ferðunum fyrir börnunum, sýna t.d. börnunum myndir úr ferðunum.

Umhverfismennt í Reynisholti

- Við þurfum líka að kynna skýrsluna fyrir starfsfólki deildarinnar og hvetja alla til að lesa skýrsluna.
- Við Grænfána afhendinguna voru sungin 3 lög farið út með fernufesti sem hafði verið búin til af börnunum og hún hengd upp.
- Næsti umhverfisráðs fundur áætlaður 18 okt.

Umhverfisráðsfundur 8. Nóvember 2012

Mættir voru: Heiða, Emilía, Sigga, Helena og fulltrúi foreldra.

Passa áherslur umhverfisráðs hverju sinni, flokkun, vettvangsferðir, orkunotkun, nota lampa meira en loftljós.

Comeniusarverkefni, spurningarlisti sendur til foreldra nýrra barna þar sem spurt er um flokkun á heimilum.

Börnin séu þátttakendur í flokkuninni í skólanum og vettvangsferð á Sorpu skipulögð með næst elsta árgangi.

Semja vers í Comeniusarlagið, tengt umhverfi og nátturu, stubbalagið, taka þetta með út í næstu ferð. Nemendur skiptast á jólakortum milli landa – senda video af jólagagi með e-mail.

Eftir áramót er þemað hvernig endurbætir náttúran sig og hvernig getum við gert það sama.

Ákveðið að kaupa flokkunartunnur inn á allar deildir til að gera flokkunina sýnilegri. Finna stað fyrir tunnurnar, allir að skoða inn á sínar deildir.

Ræða umhverfismál inni á deildum, bæta upplýsi ngafleðið og koma skilaboðum áleiðis.

Umhverfisráðsfundur 01. Febrúar 2013

- Mættir eru. Eygló, Lalli, Heiða, Helena. Magnea og Ólög veikar.
- Heiða kynnir ferlið fyrir Lalla og Eygló (ný í ráði)
- Fer yfir hlutverk okkar.
- Farið yfir það hvernig gengur inni á deildum. Er verið að flokka? Er þetta unnið t.d. í hópastarfi. Vinnum við almennt eftir skýrslunni? Það er okkar hlutverk að fylgjast með því.
- Markmiðin okkar:
- Að kynnast nærumhverfi okkar og leikskólans. Heimsækja t.d. aðra leikskóla í hverfinu.
- Annað markmið að flokka ólífrænt rusl og molta lífrænt rusl.
- Hér skiptir öllu máli að börnin taki þátt í flokkuninni, því þannig læra þau og markmiðið er að með tímanum nái þau að tileinka sér þetta og taki þetta veganesti með sér áfram út í lífið. Leyfum börnum að skola álbréfið af mysingnum og svo að finna út hvar á að henta álinu.
- Kynnast náttúrunni með því t.d. að taka grein sem dottið hefur af tré og setja í vatn og fylgjast með hvað gerist.
- Comeniusar verkefni.
- Fyrir vorið ætlum við að planta tré og gefa þannig til baka til náttúrunnar.
- Velja okkur tré til að fylgjast með vakna eftir veturinn. Taka myndir af trénu og fylgjast þannig með þróuninni.
- Endurbætur laga það sem er bilað en ekki henda. Ræða þetta með börnunum, hver ávinningurinn sé fyrir okkur og umhverfið okkar.

Umhverfismennt í Reynisholti

- Námsefni á Sorpa.is
- Í mars verður farið til Wales
- 9. Maí er Evrópudagurinn þá höldum við hátíð og hver deild velur sér land og kynnir það syngur t.d. lag þaðan.
- Umhverfismennt leikir sjá möppu fyrir ofan prentarann.
- Hvetja til útileikja þegar veður og færð leyfir. Kassi við fataklefann.
- Næsti fundur áætlaður 21. Febrúar.
- Þangað til ætlum við að fylgjast með inni á deild er verið að flokka?
- Er flokkunin notuð sem kennslutæki?
- Comeniusar verkefni hvernig gengur það.
- Dropbox á að vera í öllum tölvum inni á deildum og þar má finna myndir úr ferðunum.

Umhverfisráðsfundur 21. mars 2013

Mættir á fundinn: Heiða, Lalli, Helena, Ólöf og Eygló

Hvetja börnin til að setja matarafganga í Gýpu og fá þau með þegar tunnur inni á deildum eru losaðar.

Skoða verkefni í umhverfisráðsmöppunni.

Comeniusarverkefni - sá fræjum í apríl og sækja greinar, setja í vatn og láta þær róta sig.

Tala um breytingar í náttúrunni, trén og umhverfið.

Spurningarlisti fyrir Comeniusarverkefnið fer til foreldra þar sem metið er hvort að aukning hafi orðið í flokkun á heimilum barnanna í verkefninu.

Hvetja til útileikja.

Umhverfisráðsfundur 18. apríl 2013

Mættir voru: Heiða, Ólöf, Magnea, Lalli, Eygló og Helena.

Farið yfir markmið verkefnisins og ákveðið að efla vettvangsferðir nú í vor, nýta umhverfið í kring. Elstu börnin fara í lengri ferðir og fara t.d. í Alþingishús í kringum 17. Júní. Hægt er að fara í dagsferðir og ræða þá við eldhús upp á að fá nesti með sér. Láta vita tímalega.

Moltutunnurnar eru mjög fullar og það þarf að hræra í þeim til að hraða niðurbroti

Endurvinnslutunnan – Pappír, ef þú getur rifið þá er það pappír annars plast eða óflokkanlegt.

Orkunotkun – nú er orðið bjartara úti og hægt að slökkva oft og fyrir ljós.

Höldum Evrópudag 9. Maí í tengslum við Comeniusarverkefnið.

Umhverfisráðsfundur 23. október. 2013

Mættir voru Heiða, Magnea, Allý, Adda, Elva Dís og Jóhanna. Fulltrúi foreldra var ekki boðaður á fundinn.

Í umhverfisráði situr aðstoðarleikskólastjóri, starfsmaður frá eldhúsi, starfsmaður frá hverri deild og fulltrúi foreldra. Fundað verður tvisvar sinnum fyrir áramót og þrisvar sinnum eftir áramót.

Farið var yfir hlutverk umhverfisráðs

- Að styðja við fólkinn inni á deild
- Ef það er eitthvað sem gengur ekki ræðum við það innan ráðsins.
- Það er okkar að sinna eftirlitinu og minna okkur á Comeniusarverkefnið.

Umhverfismennt í Reynisholti

- Ákveðin verkefni sem við þurfum að uppfylla fyrir hverja ferð. eins og að vinna með lífsferla fyrir áramót og kynna löndin fyrir börnunum - sjá tímaramma

Markmið í umhverfismálum.

Að kynnast nærumhverfi leikskólans og náttúrunni sem umlykur hann.

Að flokka lífrænan úrgang og molta.

Að flokka ólífrænan úrgang, endurnýta það sem hægt er og farga hinu á réttan hátt

Að huga að því hvernig náttúran endurbætir sig og hvernig við getum gert hið sama

Að minnka orkunotkun

Molta

- Nú setjum við í tunnu nr 1. strýtutunnu – Ekki má setja í tunnu þar sem hvítur pappír er efst
- Fyrir moltu er nóg að skera appelsínubáta í 3 og bananahýði í 3 ræmur.
- alltaf að hræra þegar við förum út með moltuna og setja lauf/pappír ef hún er blaut
- taka með okkur börn því að við erum að þessu til að fræða þau.
- Við erum fyrirmyndir barnanna t.d. sápunotkun 1 x sprej
- Næsti umhverfisráðs fundur áætlaður 22. nóvember.

Umhverfisráðsfundur 22. nóvember 2013

Mættir voru Heiða, Allý, Adda, Elva Dís og Jóhanna. Fulltrúi foreldra var ekki boðaður á fundinn. Ræddum um þau verkefni sem við erum búin að vinna í vetur og hvað hafi gengið vel. Haustverkefni voru m.a. að rannsaka laufblöð, stimpla og skoða litina í náttúrunni. Á yngri deildunum tóku þær snjó inn í vaskinn og bættu matarlit við. Einnig var prufað að fara út með þurrliti til að setja í slabbið. Eldri deildirnar ætla að gera þetta líka.

Númerin á moltutunnunum eru búin að mást af og starfsfólk ekki alveg með á hreinu í hvaða tunnu skal setja. Nú er verið að setja í strýtutunnuna, hún virkar lang best, auðvelt að hræra í henni og gott að geta tekið úr að neðan og sett ofan á. Landbúnaðarráðherrann er ágætur en það losnar alltaf opið að neðan. Stóra tunnan er ekki nógu góð og það er sett allt of mikið í hana. Lokið fer auðveldlega af því börnin (sérstaklega þau sem eru hér utan leikskólatíma) geta ekki sjálf lokað almennilega. Við höfum nokkrum sinnum í vetur þurft að leita að lokunum en sem betur fer fundið þau.

Comenius. Næsta heimsókn er til okkar í febrúar. Fáum lánaðan salinn á Geislabaugi og reynum að sem flestir geti tekið þátt í að horfa á kynningarnar. Gera kynningu á gróðursetningu fræja.

Gott skipulag meðal elstu barna með flokkunartunnur. Mætti taka myndir af þeim og setja í ferilmöppur.

Umhverfisráðsfundur 7. febrúar 2014

Mættir voru Heiða, Allý, Elva Dís og Jóhanna. Fulltrúi foreldra komst ekki á fundinn.

Umhverfismennt í Reynisholti

Í umhverfisráði situr aðstoðarleikskólastjóri, starfsmaður frá eldhúsi, starfsmaður frá hverri deild og fulltrúi foreldra. Fundað verður tvisvar sinnum fyrir áramót og þrisvar sinnum eftir áramót.

Farið var yfir stöðu á flokkun inni á deildum.

- Mætti vera meira unnið með börnunum að flokka, meiri umræða inni á deild
- Börnin mættu passa betur upp á pappírinn inni á Stjörnulundi
 - o ætla að fara í umræðu um pappírnotkun eftir comeniusarvikuna
 - o ræða líka pappírnotkun á baðherbergi
 - o spurning að ræða líka sápunotkun
- Gengur vel að fara með moltuna
- Tunna 1 er að verða full og tunna 2 er frosin. tunna 3 er sneisafull og bíður losunar í vor.
 - o þegar tunna 2 þiðnar þarf að færa úr henni í tunnu 4 og nýta fram á sumar til að setja í.
 - o ef tunna 1 fyllist áður en hægt er að losa tunnu 2 þarf að setja matarafgangna út í brúntunnu. Þá þurfa deildirnar að fá maispoka hjá Magneu.

Skila þarf skýrslu í vor um verkefnið og sækja um aftur.

- fulltrúar deildana ætla að ræða það á næsta deildarfundum hvort við höldum ekki áfram og hvaða þemu hægt væri að vinna með.
- Heiða sér um skýrslugerð og umsókn í kjölfarið

Comeniusarvikun er í næstu viku og farið var yfir heimsóknina, hlutverk starfsfólks og skipulag.

- allir starfsmenn eru virkir í þátttöku meðan heimsóknin er, allir vinna saman að því að þetta heppnist sem allra best og að sem flestir geti komist á kynningarnar á fimmtudeginum.
- Mikilvægt að rólegt sé inni, deildir lokaðar og spennandi verkefni unnin á meðan fundurinn er.
- allir hvattir til að mæta á föstudeginum í sameiginlega máltíð.

Næsti umhverfisráðs fundur áætlaður 4. apríl

Umhverfisráðsfundur 13. maí 2014

Mættir voru Heiða, Magnea, Allý, Adda, Elva Dís og Jóhanna. Fulltrúi foreldra var ekki boðaður á fundinn.

Ræddum um hvernig best væri að meta stöðu umhverfismála og hvernig við gætum séð hvort við hefðum náð markmiðum verkefnisins. Ákváðum að hver deild myndi skrá hvað gert var varðandi hvert markmið og hvað hafði verið unnið varðandi Comeniusarverkefnið.

Ákvörðun tekin um að sækja aftur um Grænfánann og ræddum hvaða markmið við vildum hafa fyrir næsta verkefni. Þau eru:

Að kynnast áttögum og sögu hverfisins.

Mikill áhugi vaknaði á því að kynnast betur sögu hverfisins og umræður er vöknudú meðal barnanna í vettvangsferðum studdu við ákvörðun að vinna með þetta markmið. Skoða söguna kringum vatnið, fuglalíf og fiskana.

Umhverfismennt í Reynisholti

Að efla lýðheilsu með því að hvetja til umhverfisvænna ferðamáta.

Margir starfsmenn hjóla eða ganga í vinnu og viljum við nýta okkur hvatningarátök s.s. hjólað í vinnuna, lífshlaupið og endurvekja labbað í leikskólann þar sem foreldrar eru hvattir til að labba í leikskólann með börn sín.

Að læra um hugtökin sjálfbærni og vistfræðileg fótspor.

Þetta er hluti af Comeniusarverkefninu og verður þemað fyrir næsta vetur. Fara í heimsókn í Lambhaga og skoða hvernig grænmeti er ræktað (local food). Hugmynd kom upp að fá gróðurreit hjá Reynisvatni til að setja niður meira grænmeti en við getum ræktað í Reynislundi.

Að flokka ólífrænan úrgang

Að flokka lífrænan úrgang og molta.

Okkur finnst við sífellt þurfa að minna okkur á og efla okkur enn betur í endurvinnslu og endurnýtingu sorps .

Ræddum um hvað við höfum verið að vinna með í vor og hvaða verkefni við sjáum fyrir okkur í sumar. Náttúruskoðun, grænmetisrækt, vinnukvöld í Reynislundi og fylgjast með breytingum í í náttúrunni í umhverfi leikskólans og garðinum.

Næsti umhverfisráðs fundur áætlaður í haust með nýju umhverfisráði.



Umhverfisráð barna – fundargerð

Dags: _____ Hópur: _____

Hvað var rætt eða hvert var verkefnið?

Hvaða ákvarðanir voru teknar eða skilaboð send til annara innan leikskólans?

Annað.

Umhverfisgátlisti:

Umhverfisgátlisti fyrir skóla á grænni grein

Skóli:
Leikskólinn Reynisholt

Skólaárin:
2012 - 2014

Innkaup / nýtni - til að spara auðlindir og minnka rusl

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Lögð er áhersla á að kaupa til skólans vandaða hluti sem endast vel.	x		
2. Pappír er sparaður;			
* skjöl sem eru meira en ein síða eru prentuð á báðar hliðar blaðs,	x		
* ljósritað er báðum megin á blöð,	x		
* afgangspappír er aðgengilegur þar sem verið er við vinnu,	x		
* afgangspappír er notaður sem risspappír eða í föndur,	x		
* umslög eru opnuð varlega, oft má nota þau aftur,	x		Notuð sem leikefni fyrir börnin
* tölvupóst er notaður til samskipta eins mikið og mögulegt er,	x		
- innan skólans,	x		
- á milli heimila og skóla,	x		
* tauhandklæði eru notuð í stað pappírs þar sem mögulegt er,	x		Pappírspurrkur aðeins fyrir starfsmenn á deildum og á starfsmannasalerni ásamt tauhandklæðum
* tuskur eru notaðar í stað pappírs, svo sem eldhúspappírs, til að þurrka upp eða þrífa,	x		

Umhverfisgátlisti fyrir skóla á grænni grein

* Systkinalisti yfir nemendur kemur í veg fyrir að bréf frá skólanum fari í mörgum eintökum inn á sama heimili.	x		
3. Rafhlöður eru sparaðar;			
* vasareiknar eru með sólarrafhlöðum,			Á ekki við
* hlaðanlegar rafhlöður eru notaðar í stað einnota.	x	x	Notum hvorutveggja, ónýtar rafhlöður í endurvinnslu
4. Mjólk og safi er keypt í stórum umbúðum;	x		
* fyrir starfsfólk,	x		
* fyrir nemendur.	x		Nýmjólk er í fernum en þær endurunnar
5. Þeir sem koma með nesti eru með það í boxum en ekki einnota pokum eða pappír.			Á ekki við
6. Aðeins eru notaðir fjölnota borðbúnaður og leirtau í skólanum.	x		Plastglös eru notuð í foreldra/ömmu og afa kaffi en þau skoluð og notuð aftur.
7. Allir eru með sína merktu bolla til að draga úr uppvotti.		x	Bollar notaðir oftast en einu sinni, starfsmenn geta notað klemmur til að merkja bollana sína
8. Fyllt er á tónerhylki í prenturum í stað þess að kaupa ný.		x	
9. Gert er við það sem bilar eða skemmist frekar en að kaupa nýtt.	x		
10. Einnota hlutir, s.s. plastpokar í ruslafötur, eru ekki notaðir eða af ýtrustu sparsemi.	x		Notum plastpoka undan vörum úr eldhúsi fyrir blaut föt o.þ.h.

Meðhöndlun á rusli

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Flokkunarstöð er í skólanum aðgengileg öllum.	x		Á hverri deild eru tunnur undir pappír, lífrænt, málm og plast. Á skrifstofu er tunna undir pappír og plast.
2. Allir sem að skólanum standa þekkja reglur skólans um flokkun á rusli;			
* nemendur,	x		Kynnt fyrir öllum börnum og reynt að gera einfalt fyrir þau yngstu
* kennarar,	x		
* skólastjórnendur,	x		
* húsvörður,			Á ekki við
* allt annað starfsfólk skólans,			Á ekki við
* ræstingafólk,			Ræsting tekur aðeins óflokkað sorp s.s. bleiur o.p.h.. Fyrirtækið er umhverfisvottað
* foreldrar.	x		t.d. foreldrakaffi og opið hús
3. Flokkað og sent til endurvinnslu er;			
* gæðapappír,	x		Fer með öðrum pappír í endurvinnslutunnu
* blandaður pappír,	x		
* fernur,	x		
* bylgjupappi,	x		
* gosílát (dósir og flöskur),	x		
* gler (krukkur o.fl.),	x		

Umhverfisgátlisti fyrir skóla á grænni grein

* málmar (<i>niðursuðudósir, sprittkertabotnar, málmafgangar</i>),	x		
* rafmagnsvörur og tæki,	x		
* rafhlöður,	x		
* spilliefni (<i>t.d. málningarafgangar</i>),	x		Málning sem börnin nota er umhverfisvæn
* flúrperur og sparperur (<i>spilliefni</i>),	x		
* föt og klæði,	x		
* kertaafgangar.			Á ekki við
4. Lífrænir afgangar eru jarðgerðir, af nesti, úr eldhúsum og sag frá smíðastofu.	x		Erum hvorutveggja með moltutunnur og brúntunnu

Innkaup / rekstur - til að minnka mengun

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Keyptar eru vörur og efni með viðurkenndum umhverfismerkjum;	x		Eins og rammisamningar leyfa
* gólfhreinsiefni,			Ræstingarfyrtækið er umhverfisvottað
* uppvottalögur,	x		
* handsápa,	x		
* gólfbón,			Ræstingarfyrtækið er umhverfisvottað
* pappír,	x		
* umslög,			
* tölvur og skrifstofutæki,			Veit ekki. Við fáum það skaffað.
* ísskápar (án KFK-efna, framleiddir eftir 1994) ¹ ,	x		
* rafhlöður,		x	
* salernispappír,	x		
* eldhúspappír,	x		
* kaffisíur,	x		
2. Aðeins eru notaðar rafhlöður án kadmíum og kvikasilfurs t.d. alkaline eða NiMH rafhlöður.	x		
3. Gluggatjöld, og aðrir hlutir úr tauí, eru úr efni sem má þvo.	x		

1

KFK eru klór-flúor-kolefni. Slík efni leita hátt upp í andrúmsloftið og skemma ósonlag Jarðar en ósonlagið verndar Jörðina fyrir hættulegum útfjólubláum geilsum sólar.

Umhverfisgátlisti fyrir skóla á grænni grein

4. Skrifffæri og skrifstofuáhöld eru keypt af yfirvegum, helst;	X		
* ólakkaðir tréblýantar eða skrúfblýantar,	X		
* vatnsleysanlegt túss á pappír og töflur,	X		
* vatnsleysanlegt lím,	X		
5. Forðast er að kaupa plasthluti sem innihalda PVC. Lögð er áhersla á að plastvörur séu úr plasti sem hægt er að endurvinnna (pólýester) eða brotnar niður í birtu (PP-plast) ² ;			
* plastpokar,	X		Nema stórir svartir ruslapokar
* límband, bókaplast,	X		
* plasthulstur, möppur,		X	
* glærur,			Á ekki við
* leir, kennaratyggjó.	X	X	Búum til leir en kaupum kennaratyggjó
6. Öll sápa er notuð í hófi, á Íslandi er auðvelt að þvo úr heitu vatni.	X		
7. Notaðir eru örtrefjaklútar við hreingerningu.	X		
8. Forðast er að kaupa miklar umbúðir t.d. með því að kaupa inn í stórum einingum.	X		

² Plastefni eru mjög fjölbreytt. PVC myndar díoxín þegar það brotnar niður en díoxín er eitruð. Sumt plastefni er hægt að endurvinnna eins og það í gosflöskunum og annað efni er viðkvæmt fyrir höggum og brotnar niður í sólarljósi. Mjög oft vantar hráefnisheiti á umbúðir sem gerir umhverfishæf innkaup erfið.

Umgengni og nánasta umhverfi

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Enginn er á útiskóm inni.	x		
2. Áhersla er lögð á að hafa heilsusamlegt umhverfi innan húss t.d. góða loftræstingu.	x		
3. Öll hættuleg efni eru merkt á réttan hátt og geymd á öruggum stað (í ræstikompum, í náttúrustofu).	x		
4. Við bílastæðin eru skilti þar sem bílstjórar eru beðnir um að drepa á bílvél á meðan að beðið er (foreldrar, rútubílstjórar og flutningabílstjórar).	x		
5. Reglulega er farið um skólalóðina:			
* rusl tínt af lóðinni og því komið í viðeigandi förgun,	x		Mættum vera duglegri við að koma í viðeigandi förgun
* kannað hvort eitthvað er skemmt eða bilað og þá lagfært.	x		
6. Á skólalóð er ekki notað skordýra- eða plöntueitur.	x		
7. Leitast er við að hafa fjölbreytt umhverfi á skólalóð;			
* svæði með "landslagi" ekki síður en slétta velli,	x		
* haldið er í náttúrulegt umhverfi, grjót, gróður, vatn,	x		
* lögð er áhersla á að hafa sem fjölbreytilegastan gróður bæði tré og plöntur,	x		
* náttúrulegum plöntum úr nágrenninu er komið fyrir í viðeigandi umhverfi, þurrlendi, deiglendi, tjörn,			Á ekki við

Umhverfisgátlisti fyrir skóla á grænni grein

* grasflötum er haldið óslegnum, a.m.k. að hluta svo að plöntur fái dreift fræjum,	x		
* nemendur taka þátt í að rækta matjurtir í skólagarði,	x		
* fuglar eru laðaðir að skólalóðinni t.d. með því að;			
* gefa þeim í vetrarhörkum,	x		
* útbúa fyrir þá fuglahús,		x	
* rækta á lóðinni tré og runna ríkuleg af berjum.	x		Erum með sólberja og rifsberjarunna
8. Nemendur eigna sér uppáhaldsstað.	x		Misjafnt eftir deildum
9. Nemendur "taka flag í fóstur".			Á ekki við
10. Skólinn tekur þátt í eða skipuleggur hreinsunardag hverfisins.	x		Ekki er eiginlegur hreinsunardagur í hverfinu en að vori og hausti koma starfsmenn og foreldrar saman og taka til í kringum skólann.
11. Nemendur þekkja vernduð eða friðlýst svæði í nágrenninu og taka þátt í verkefnum þar.			Á ekki við

Flutningar og ferðir

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Fólk er hvatt til að ganga/hjóla/koma í strætó í skólann;	x		Við höfum t.d. tekið þátt í verkefningu gengið í leikskólann, hjólað í vinnuna og lífshlaupinu
* nemendur,	x		
* kennarar og annað starfsfólk,	x		
* foreldrar.	x		
2. Peir sem koma á bílum leitast við að samnýta bíla.		x	
3. Á skólalóðinni er aðstaða til að geyma hjól undir skyggi.		x	Hjólagrind er við leikskólann
4. Innkaup og vöruflytningar til skólans eru vel skipulagðir til að halda flutningum í lágmarki.	x		Innan takmarka rammasamninga
5. Keyptar eru íslenskar vörur eins og mögulegt er.	x		Innan takmarka rammasamninga
6. Forðast er að kaupa vörur/matvæli sem hafa verið fluttar inn frá fjarlægum löndum.	x		Innan takmarka rammasamninga

Orka og vatn

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Gluggatjöld eru;			
* dregin frá þegar bjart er til að nýta dagsbirtuna,	x		
* en dregin fyrir þegar dimmt er og um nætur til einangrunar.	x		
2. Notaðar eru sparperur í stað glópera.	x		
3. Dregið er úr lýsingu þar sem hægt er t.d. með að fækka perum í ljósastæðum í lofti.	x		
4. Ljós eru slökkt þar sem enginn er.	x		
5. Ljós eru slökkt þar sem dagsbirtan nægir.	x		
6. Skrifstofutæki skólans (t.d. tölvur og ljósritunarvélar) fara sjálfkrafa í orkusparandi stillingu þegar þau eru ekki í notkun.	x		
7. Slökkt er á tölvum og tækjum yfir nótt og í fríum.	x		
8. Lækkað er á ofnum og slökkt á loftræstingu í öllum fríum.	x		
9. Fylgst er reglulega með rafmagnsnotkun í skólanum.	x		Skráð á mánaðar fresti
10. Fylgst er reglulega með notkun á heitu vatni.	x		Skráð á mánaðar fresti
11. Fylgst er reglulega með notkun á köldu vatni.	x		Skráð á mánaðar fresti

Umhverfisgátlisti fyrir skóla á grænni grein

12. Þvotta- og uppþvottavélar eru fylltar áður en þær þvo.	x		
13. Vatn er ekki látið renna að óþörfu og strax gert við leka krana.	x		
14. Ef endurnýja þarf klósett er keypt vatnssparandi klósett.	x		
15. Leitast er við að nýta vatn af þökum t.d. til að viðhalda tjörnum og votlendi á skólalóð.			Á ekki við

Kynning og menntun

	Já	Nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Umhverfisstefna skólans er skýr og öllum aðgengileg.	x		Mætti bæta
2. Nýir nemendur í skólanum eru strax fræddir um umhverfisstefnu skólans.	x		
3. Foreldrar eru vel upplýstir um umhverfisstefnu skólans og minntir á hana við og við.	x		Rætt um grænfána í fyrsta viðtali, kynning á foreldrafundi að hausti og upplýsingar á heimasíðu
4. Nýtt starfsfólk skólans fær strax kynningu á umhverfisstefnu skólans.	x		Hluti af fræðslu í móttökuáætlun
5. Umhverfismennt er samþætt skólanámskrá skólans í;	x		Á öllum deildum. Umhverfisráð barna er á elstu deild
6. Nemendur fá markvissa útikennslu til að læra að þekkja og bera virðingu fyrir nánasta umhverfi skólans og hverfisins.	x		
7. Við slökkvara og rafmangstæki er fólk minnt á að slökkva.	x		
8. Í anddyri skólans er tafla þar sem hengdar eru upplýsingar og auglýsingar um umhverfismál.		x	Við reynum að nýta tölvupóst frekar en að prenta út upplýsingar
9. Nemendur læra um pappír (og önnur efni).	x		Mætti bæta fræðslu á yngstu deild
* hvernig pappír er framleiddur	x		
* hvernig sé hægt að spara pappír	x		

Umhverfisgátlisti fyrir skóla á grænni grein

* hvernig pappír er endurunninn	x		
10. Nemendur fá þjálfun og leiðsögn í almenningsíþróttum og útivist;	x		Boltaleikir og aðrir regluleikir
* gönguferðum,	x		
* hjólreiðum,	x		Innan marka leikskólalóðarinnar
* ganga á skíðum			Á ekki við
* skauta (úti).			Á ekki við
11. Skólinn hvetur til sérstakra þemadaga í hverfinu, göngu-, hjólreiða-, útivistar- eða hreinsunardaga.	x		Reynislundur

Skrefin sjö að Grænfánanum

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Í skólanum starfar umhverfisnefnd.	x		
2. Í skólanum hefur staða umhverfismála verið metin.	x		
3. Gerð hefur verið áætlun aðgerðir og markmið.	x		
4. Stöðugt eftirlit og endurmat er í gangi.	x		
5. Nemendur fá fræðslu um umhverfismál.	x		
6. Skólinn kynnir stefnu sína út á við og fær aðra með.	x		
7. Skólinn hefur sett sér umhverfissáttmála.	x		